

Solid Clouds hf. frestar áformum um hlutafjárukningu

Nýjasti leikur Solid Clouds, Starborne Frontiers, fór í útgáfuferli (e. Soft launch) í febrúar á þessu ári.

Útgáfuferlið þjónar þeim tilgangi að stilla af leikinn, bæta við nýju efni og greina kauphegðun spillara með það að markmiði að vera tilbúin fyrir markaðssetningu leiksins sem áformuð er á næsta ári. Leikurinn hefur fengið góð viðbrögð og dóma hjá notendum bæði hjá Google og Apple app-búðunum. Eru þetta góð fyrirheit um að leikurinn muni ná árangri. Til þess að sækja fjármagn til útgáfu og markaðssetningar samdi félagið við Arion Banka um að vera umsjónaraðili að hlutafjárukningu. Fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er um þessar mundir ekki hagfellt. Stjórn Solid Clouds hefur því ákveðið að fresta áformum sínum um hlutafjárukningu, sbr. tilkynning dags. 31. ágúst 2023, en áskriftir í útboðinu voru undir væntingum stjórnar. Mun stjórn því leggja til við hluthafafund félagsins kl. 16:00 í dag að afturkalla tillögu þar um. Félagið vinnur núna að nýrri fjármögnunaráætlun.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson
stefanbjo@solidclouds.com

Viðurkenndur ráðgjafi:

Arion banki, Erlendur Magnús Hjartarson
erlendur.hjartarson@arionbanki.is

Viðhengi

[Solid Clouds hf. frestar áformum um hlutafjárukningu](#)